

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Úr landi Miðdals, L125210, við Krókatjörn, frístundalóð, deiliskipulagsbreyting – F517.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér skiptingu lands í fimm frístundahúsalóðir. Allar lóðirnar eru yfir 5.000 m² með byggingarheimildir upp að 130 m², samkvæmt gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, rými í lokunarflokkum A og B í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Úr Miðdalslandi, L125205, frístundalóð, deiliskipulagsbreyting – F530.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér breyttar stærðir lóða og tilfærslu lóðamarka, þar sem stærðir og byggingarheimildir eru samkvæmt gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, rými í lokunarflokkum A og B í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Aðkoma færist norður fyrir lóðir, um Selmerkurveg. Ákvæði hafa verið uppfærð til samræmis við kröfur og reglugerðir.

Miðdalur, land, L213970, frístundalóð, deiliskipulagsbreyting – F530.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að bætt er við einni frístundalóð, tilfærslu lóðamarka og breyttum lóðastærðum. Stærðir og byggingarheimildir eru samkvæmt gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, rými í lokunarflokkum A og B í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Selmerkurvegur 17, frístundalóð, deiliskipulagsbreyting – F530.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin snertir eina lóð, Selmerkurveg 17, L237992, og sýnir breytta aðkomu að einni lóðinni innan svæðisins en kvöð er nú um akstur í gegnum lóðir 19 og 21.

Reykjalundur, deiliskipulagsbreyting – S313.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér nýjan byggingarreit „G“ fyrir skrifstofuhúsnæði austan við eldri skrifstofu og iðjuþjálfun. Heimilt verður að byggja allt að 1.700 m² húsnæði á tveimur hæðum þar sem veggghæðir taka mið af aðliggjandi mannvirkjum.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 16. júní 2025.

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 1. júlí 2025